



15. september 2021
Tilv.: 2107107

Dreifibréf númer: 53/2021
til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi lánveitingar og eftirlit með útlánunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi lánveitingar og eftirlit með útlánunum (EBA/GL/2020/06).¹ Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 30. júní 2021 og felldu úr gildi viðmiðunarreglur EBA um lánshæfis- og greiðslumat (EBA/GL/2015/11).²

Viðmiðunarreglurnar kveða nánar á um innri ferla og stjórnarhætti við veitingu lána og þá umgjörð sem lánveitendur þurfa að lágmarki að hafa í útlánastarfssemi sinni. Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar og byggja á 74. og 79. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (CRD tilskipunin), sbr. 17., 54. gr. og 78. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem og 6. kafla tilskipunar 2014/17/ESB og 8. gr. tilskipunar 2008/48/EB, sbr. VI. kafla laga um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, og 10. gr. laga um neytendalán, nr. 33/2013.

Helstu atriði í viðmiðunarreglunum eru eftirfarandi:


- Í 4. kafla er fjallað um ferla og stjórnarhætti við veitingu lána og eftirlit, m.a. um ábyrgð stjórnar og stjórnenda í tengslum við lánveitingar, áhættuvilja, ferla, stefnur og kerfi.
- Í 5. kafla er fjallað nánar um veitingu útlána, m.a. framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats.
- Í 6. kafla er fjallað um verðlagningu útlána, m.a. mat á kostnaði fjármálafyrirtækis og umbreytingu í verð.
- Í 7. kafla er fjallað um mat á tryggingum, m.a. viðeigandi ferla og kerfi ásamt framkvæmd og tíðni mats.
- Í 8. kafla er fjallað um hvernig eftirfylgni með útlánunum skuli háttáð (lánþegum, hópum og tryggingum), m.a. umgjörð, ferla og kerfi. Mælt er fyrir um símat á útlánaáhættu og viðeigandi viðbrögð við frávikum.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku

¹ Guidelines on loan origination and monitoring.

² <https://www.fme.is/media/vidmid-fme/Vidmidunarreglur-EBA-vardandi-fasteignalan-til-neytenda.pdf>



eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins ásamt því að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2020/06 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar við mat á því hvort lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki fullnægi kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar



Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar

Samrit: Neytendastofa.